

Nd. **559. Frumvarp til laga** [189. mál]
um breyting á lögum nr. 52 5. júní 1957, um eyðingu refa og minka.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. apríl.)

1. gr.

Fresta skal að framkvæma ákvæði 11. gr. laganna um eitrun fyrir refi og minka næstu 5 ár. Jafnframt er bannað að eittra fyrir þessi dýr á sama tímabili.

Heimilt er þó veiðistjóra eða sérstökum trúnaðarmönnum hans, að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins, að eittra fyrir yrðlinga inni í grenjum, þar sem sérstaklega erfiðar aðstæður torvelda vinnslu þeirra með öðrum hætti.

Lyfjaverzlun ríkisins skal láta veiðistjóra í té eitur í þessu skyni, eftir fyrir-mælum heilbrigðismálaráðuneytisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.